



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 24. apríl 2023 kl. 18:00.

Staður: Samskipahöllin í Kópavogi

Mættir: Sverrir Einarsson formaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Jenny Elisabet Eriksson ritari, Gunnar Már Þórðarson, Davíð Áskelsson, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri. Fjárverandi var Pétur Örn Sverrisson varaformaður.

### Dagskrá:

1. Formaður setur fund og býður nýja stjórnarmenn velkomna.
2. Siðasta fundargerð lesin upp og samþykkt.
3. LM nefndin. Eru búin að hittast tvisvar. Lilja er búin að senda þau gögn sem til eru frá fyrri stjórn.
4. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fund með LH. Rætt um LM 2024 og niðurstöðu aðalfundar. Beðið eftir að nefndin skili niðurstöðum vinnunnar til stjórnar.
5. Rætt um heimasíðu LM og miðasölu. Ákveðið að heyra í Tinnu Dögg Kjartansdóttur varðandi það að undirbúa heimasíðuna. Lilja ræðir við Tix.is varðandi miðasölu og ferlið þar.
6. Rætt um skýrsluna sem Áskel Heiðar gerði um LM 2018. Margir góðir punktar varðandi framkvæmd mótsins. Rætt um að leita til hans varðandi ráðgjöf og bjóða LM nefndinni aðstoð ef þau vilja.
7. Lilja er búin að vera í samskiptum við Stéfan Inga eftirlitsmann með framkvæmdinni í hlíðinni Garðabæjar megin. Í næstu viku verður farið af stað með vinnu í að setja upp lýsingu meðfram skeifunni. Lilja hitti einnig Gest sem er verkefnastjóri lýsingamála hjá Kópavogsbæ í síðustu viku og farið var þá yfir lýsinguna sem vantar til að klára að lýsa upp hringinn og er það loksins komið í góðan farveg. Rætt einnig um þörfina á betri lýsingu við Markavegin og gatnamótin.
8. Rætt um að fylgja eftir þeim athugasemdum sem komu frá Jóhanni Ólafssyni og Sigurbirni Eiríkssyni. Stofna þarf framtíðarnefnd sem vinnur áfram í málinu.
9. Rætt um rúlluplanið og slæma umgengni þar. Í vinnslu er að búa til „rúlluplans skipulag“ og merkja hvert „hólf“ með nr til að hægt sé að rekja betur hver á hvaða rúllur.
10. Rætt um rekstrarfélag og fasteignafélag Sprettis, og hvort þarf ekki að samþykkja þá reikninga líka á aðalfundi Sprettis. Kolfinna og Sverrir ætla að athuga betur hvernig málin standa þar varðandi aðalfund og reikninga.
11. Mikil vinna í síðustu viku með Firmakeppni, Karlatölt og Kvennatölt Sprettis. Ekki búið að taka saman hversu mikið safnaðist fyrir félagið en tilfinningin er að góður árangur hafi náðst. Rætt um sjálfbóðaliðavinnu og hvernig væri hægt að efla þetta enn meira.

12. Rætt um lóðirnar fyrir vestan Samskipahöllina sem eru hugsaðar sem þjónustuhús á skipulaginu. Gunnar Már tekur það að sér að kanna málið betur hvernig ferlið væri ef við myndum vilja fá þessar lóðir til umráða og kemur upplýsingum til Lilju sem getur þá gengið frá umsóknunum.
13. Garðabær er að bæta við fjölda hesthúsa í hverfinu og rætt um að ýta meira við þeim varðandi það klára sem fyrst að bæta við innviði í hverfinu. Kirkjugarðshringurinn sem á að koma var nefndur og að það verði að pressa á að hann verði upplýstur eins og lofað var. Ræða þetta við reiðveganefnd og „fram tíðarnefndina“ um þetta mál og áframhald.
14. Rætt um félagshesthúsið og að búa verði til umgengnisreglur og samning við leigjendur í húsinu. Lilja ætlar að skoða þetta með umsjónarmanni hússins.

Ekki meira rætt. Fundi slitið kl 20:00.

Jenny Elisabet Eriksson ritaði fundargerðina.